



Nefndasvið Alþingis,
Ágúst Geir Ágústsson,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

05-12-2002.

Varðar: Þingsályktunartillögu um um framtíðarhlutverk Sementsverksmiðjunnar,
133. mál.

Með bréfi dags. 14. nóvember s.l. óskar Iðnaðarnefnd Alþingis eftir umsögn Spilliefnanefndar um ofangreint frumvarp. Nefndin hefur haft frumvarpið til skoðunar og vill gera neðangreindar ábendingar.

Sementsverksmiðjur hafa víða veigamiklu hlutverki að gegna við endurnýtingu og eyðingu spilliefna. Hér á landi hefur ekki verið talinn grundvöllur vegna fámennis og lágs orkuverðs til þess að starfrækja sérstakar brennslustöðvar fyrir spilliefni. Því hefur helst verið horft til þess að nýta mætti eiginleika Sementsverksmiðjunnar í ofangreindum tilgangi. Hin almenna regla er að spilliefnum skuli eytt í því landi sem þau falla til. Öll spilliefni önnur en úrgangsolía og leysiefni hafa verið flutt héðan til annarra landa fram til þessa þrátt fyrir framangreinda meginreglu.

Sementsverksmiðjan hf. hefur brennt nær allri úrgangsolíu sem til fellur á landinu, sem hefur verið um fimm þúsund tonn á ári og leysiefnum, um 70 tonnum á ári. Spilliefnanefnd hefur vænst þess að verksmiðjan tæki ríkari þátt í að fyrirkoma spilliefnum og átt frumkvæði að fundum þar að lútandi. Eyðing á framköllunurvökum er nú hafin í verksmiðjunni en af þeim hafa fallið til yfir 200 tonn á ári.

Verði frumvarp til laga um úrvinnslugjald að lögum má ætla að hlutverk verksmiðjunnar gæti enn aukist við endurnýtingu annars úrgangs en spilliefna, svo sem hjólbarða og plasts. Verði sá kostur ekki til staðar að nýta megi eiginleika verksmiðjunnar til endurnýtingar eða eyðingar takmarkast mjög möguleikar til að fyrirkoma spilliefnum sem og öðrum úrgangi hér á landi og þar með að fylgja þeirri meginreglu sem getið er hér að ofan — að förgun skuli fara fram í því landi sem spilliefni falla til í.

Spilliefnanefnd mælir af ofangreindum ástæðum með því að úttekt verði gerð á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf. með tilliti til förgunar spilliefna og annars úrgangs.

F.h. Spilliefnanefndar,

Már Karlsson